



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa borgarlandsins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lýsingu í borgarlandi, sbr. 23. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022.

Undanfarið hafa borgarbúar kvartað mikið vegna myrkurs í borginni og slysum sem rekja má beint til ónógrar lýsingar í borginni. Það að hafa myrkur skapar ekki öruggt borgarrými eins og stefnt er að samkvæmt aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022- 2024. Þar segir að byggja eigi á leiðbeiningum frá Nordic Safe Cities um öruggar borgir. Það hlýtur að skapa meira öryggi að hafa meiri birtu í borginni. Flokkur fólksins spyr hvort breytingar hafi verið gerðar á lýsingu í borgarlandinu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.

Svar við fyrirspurn

Um síðustu áramót var ákveðið að breyta lýsingatíma gatnalýsingar í Reykjavík til samræmis við önnur nágrannasveitarfélög. Fyrir breytingu var þjónustustigið 20 Lux við kveikingu og 20 Lux við slökkvun kerfsins. Eftir breytingu verður þjónustustigið 50 Lux bæði við kveikingu og slökkvun. Þessi breyting hefur í för með sér að heildar lýsingatími mun lengjast í báða enda og því auka birtu vegna gatnalýsingar í borginni.

Beðist er velvirðingar á seinkun svara.

Virðingarfyllst,
Hjalti J. Guðmundsson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa borgarlandsins